



**1. Fundur byggðaráðs Blönduósbæjar
miðvikudaginn 25. júní 2014, kl. 16:00.**

**Arnar Þór Sævarsson, sveitarstjóri ritaði fundargerð. Mæting skv.
undirskriftum.**

Dagskrá:

1. Fundargerðir:

- a. Menningarráðs Norðurlands vestra frá 4. júní 2014
- b. Brunavarna A-Hún. frá 12. júní 2014
- c. Stjórnar Hafnasambands Íslands frá 15. maí 2014
- d. Stjórnar sambands íslenskra sveitarfélaga frá 16. maí 2014

2. Umsögn vegna lagabreytinga varðandi embætti sýslumanna og lögreglustjóra

3. Bréf frá Blönduskóla frá 19. júní 2014

4. Bréf frá Tæknideild Blönduósbæjar frá 23. júní 2014

5. Bréf frá Eignarhaldsfélagi Brunabótafélags Íslands frá 10. júní 2014

6. Bréf frá Eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga frá 12. júní 2014

7. Bréf frá Sigurði A. Þóroddssyni hrl. dags. 16. júní 2014

8. Ársreikningur Skúlahorns ehf.

9. Ársreikningur Háubrekku ehf.

10. Kennslumagn fyrir skólaárið 2014-2015

11. Erindi frá Tónlistarskólanum á Akureyri dags. 16. júní 2014

12. Erindi frá Sýslumanninum á Blönduósi

13. Gjöf til Hafísetursins

14. Önnur mál

Afgreiðslur:

1. Fundargerðir:

- a. Menningarráðs Norðurlands vestra frá 4. júní 2014
Lögð fram til kynningar
- b. Brunavarna A-Hún. frá 12. júní 2014
Lögð fram til kynningar
- c. Stjórnar Hafnasambands Íslands frá 15. maí 2014



Lögð fram til kynningar

d. Stjórnar sambands íslenskra sveitarfélaga frá 16. maí 2014

Lögð fram til kynningar

2. Umsögn vegna lagabreytinga varðandi embætti sýslumanna og lögreglustjóra

Sveitarstjórn Blönduósbæjar hefur borist tölvupóstur dags. 6. júní frá SSNV þar sem gefinn er kostur á að gefa umsögn um hugmyndir innanríkisráðuneytisins að umdæmamörkum nýrra sýslumannsembætta og staðsetningu aðalskrifstofa og annarra skrifstofa sýslumanna í samræmi við nýsamþykkt lög nr. 50/2014 um framkvæmdavald og stjórnarsýslu í héraði.

Byggðaráð hefur kynnt sér tillögurnar um skipan sýslumannsembættis á Norðurlandi vestra og telur þær eðlilegar miðað við þær forsendur sem löggin setja. Tillögurnar gera ráð fyrir að aðalskrifstofa sýslumanns verði á Blönduósi sem er miðsvæðis í umdæminu ásamt því að þar er nú mikil starfsemi m.a. Innheimtumiðstöð. Þá gera tillögurnar ráð fyrir skrifstofu á Sauðárkrók. Byggðaráð telur sýslumannsembættin geta verið lykillinn að frekari flutningi verkefna á vegum ríkisins út á land og telur því eflingu þeirra vera mikið hagsmunamál.

3. Bréf frá Blönduskóla frá 19. júní 2014

Þórhalla Guðbjartsdóttir, skólastjóri Blönduskóla, mætti undir þessum lið. Skóla

Skólastjórnendur Blönduskóla óska eftir að fyrir næsta skólaár verði loftræsting bætt í einni stofu í Íþróttamiðstöðinni. Jafnframt að gerðar verði breytingar á bókasafni þannig að það rými verði að tveimur stofum, fyrir bókasafn og umsjónarstofu til að byrja með, en síðar gert að bókasafni og tölvustofu.

Byggðaráð samþykkir að fela tæknideild að kostnaðarmeta framkvæmdina að setja upp loftræstibúnað í kennslustofunni í Íþróttamiðstöðinni. Stefnt skal að framkvæmdum ljúki fyrir skólabyrjun.

Ákveðið var að vinna frekar að fyrirliggjandi hugmyndum og þær komi til framkvæmda á nýju fjárhagsári.

4. Bréf frá Tæknideild Blönduósbæjar frá 23. júní 2014

Sveitarstjóri kynnti bréf frá tæknideild Blönduósbæjar þar sem gerð er grein fyrir kostnaði við malbikun og lagningu kantsteins við Aðalgötuna.

Kostnaður við malbikun á 1300 fm. er 7.300.000 kr.

Kostnaður við 200 fm. af kantsteini er 550.000 kr.

Kostnaður við að laga og breyta gangstétt við húsið Tilraun er um 500.000 kr.

Samtals kostnaður við götuna er því 16,7 m. kr.



Í fjárhagsáætlun Blönduósbæjar fyrir árið 2014 var gert ráð fyrir kostnaði við framkvæmdir við jarðvegsskipti og lagnir að upphæð 8. m.kr.

Byggðarráð vísar erindinu til fjárhagsáætlunargerðar fyrir árið 2015.

5. Bréf frá Eignarhaldsfélagi Brunabótafélags Íslands frá 10. júní 2014

Á fundi stjórnar EBÍ þann 5. júní sl. var tekin ákvörðun um að styrkja verkefnið „Fuglaskoðun á Einarsnesi í Blönduósbæ“ um kr. 500.000.

Byggðaráð fagnar styrkveitingunni.

6. Bréf frá Eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga frá 12. júní 2014

Lagt fram til kynningar.

7. Bréf frá Sigurði A. Þóroddssyni hrl. dags. 16. júní 2014

Lagt fram bréf frá lögmanni feðganna Finnboga Erlendssonar og Erlendar Magnússonar, að Brimslóð 8, þar sem tilboð Blönduósbæjar vegna lóðararinnar er ekki svarað. Í bréfinu eru lagðar fram nýjar tillögur til lausnar málinu. Annars vegar að fara með málið fyrir dómstóla eða að Blönduósbær kaupi fasteignina.

Byggðarráð felur sveitarstjóra að hafa samband við lögmanninn og frestar afgreiðslu erindisins.

8. Ársreikningur Skúlahorns ehf.

Skúlahorn er eignarhaldsfélag. Engin starfsemi var á árinu.

Byggðarráð hefur í dag rætt ársreikning félagsins fyrir árið 2013 og staðfest hann með undirritun sinni.

9. Ársreikningur Háubrekku ehf.

Engin starfsemi var á árinu.

Byggðarráð hefur í dag rætt ársreikning félagsins fyrir árið 2013 og staðfest hann með undirritun sinni.

10. Kennslumagn fyrir skólaárið 2014-2015

Þórhalla Guðbjartsdóttir, skólastjóri Blönduskóla, var mætt undir þessum lið og gerði grein fyrir forsendum kennslumagns.

Skólastjóri Blönduskóla óskar eftir því að kennslumagn fyrir Blönduskóla skólaárið 2014-2015 verði 395 kennslustundir.

Kennslumagn í Blönduskóla hefur á umliðnum árum verið í minna lagi borið saman við sambærilega skóla. Þrátt fyrir þá aukningu sem hér er farið fram á verður kennslumagn ekki óeðlilega mikið.



Við meðferð málsins var leitað til umsagnar fræðslustjóra. Beiðni Blönduskóla er því samþykkt.

11. Erindi frá Tónlistarskólanum á Akureyri dags. 16. júní 2014

Tónlistarskólanum á Akureyri hefur borist umsókn um tónlistarnám frá einstaklingi sem er með lögheimili á Blönduósi. Óskað er eftir því að lögheimilisveitarfélagið greiði kostnaðinn að fullu. Byggðaráð felur sveitarstjóra að afla frekari gagna og frestar erindinu til næsta fundar.

12. Erindi frá Sýslumanninum á Blönduósi

Zophonías Ari vék af fundi undir þessum lið.

- a) *Sýslumaðurinn á Blönduósi óskar eftir umsögn Blönduósbæjar um umsókn Lárusar B. Jónssonar kt. 120353-5009, um endurnýjun leyfis til að reka gististað (hótel) í flokki V á Hótel Blönduósi 540 Blönduósi.*

Með vísan til 4. mgr. 1. tl. 10. gr. laga um veitingastaði, gistiheimili og skemmtanahald, þar sem sveitarstjórn er falið að veita umsögn um afgreiðslutíma og staðsetningu staðar sem umsókn lýtur að sé innan þeirra marka sem reglur og skipulag sveitarfélagsins segja til um, veitir byggðaráð jákvæða umsögn.

- b) *Sýslumaðurinn á Blönduósi óskar eftir umsögn Blönduósbæjar um umsókn Lárusar B. Jónssonar kt. 120353-5009, f.h. Blöndu ehf. kt. 520308-0400 um leyfi til að reka gististað (sumarhús) í flokki II að Brautarhvammi 4 540 Blönduósi.*

Með vísan til 4. mgr. 1. tl. 10. gr. laga um veitingastaði, gistiheimili og skemmtanahald, þar sem sveitarstjórn er falið að veita umsögn um afgreiðslutíma og staðsetningu staðar sem umsókn lýtur að sé innan þeirra marka sem reglur og skipulag sveitarfélagsins segja til um, veitir byggðaráð jákvæða umsögn.

- c) *Sýslumaðurinn á Blönduósi óskar eftir umsögn Blönduósbæjar um umsókn Lárusar B. Jónssonar kt. 120353-5009, f.h. Blöndu ehf. kt. 520308-0400 um leyfi til að reka gististað (íbúðir) í flokki II að Húnabraut 4 540 Blönduósi.*

Með vísan til 4. mgr. 1. tl. 10. gr. laga um veitingastaði, gistiheimili og skemmtanahald, þar sem sveitarstjórn er falið að veita umsögn um afgreiðslutíma og staðsetningu staðar sem umsókn lýtur að sé innan þeirra marka sem reglur og skipulag sveitarfélagsins segja til um, veitir byggðaráð jákvæða umsögn.

- d) *Sýslumaðurinn á Blönduósi óskar eftir umsögn Blönduósbæjar um umsókn Lárusar B. Jónssonar kt. 120353-5009, f.h. Gláðheima ehf. kt. 610504-3290 um endurnýjun leyfis til að reka gististað (gistiheimili) í flokki II að Blöndubýggð 10, 540 Blönduósi.*



Með vísan til 4. mgr. 1. tl. 10. gr. laga um veitingastaði, gistiheimili og skemmtanahald, þar sem sveitarstjórn er falið að veita umsögn um afgreiðslutíma og staðsetningu staðar sem umsókn lýtur að sé innan þeirra marka sem reglur og skipulag sveitarfélagsins segja til um, veitir byggðaráð jákvæða umsögn.

- e) Sýslumaðurinn á Blönduósi óskar eftir umsögn Blönduósbæjar um umsókn Kristínar Ingibjörgu Lárusdóttur, kt. 210380-4939, f.h. Wave veitingar og viðburðir ehf. kt. 450614-0330, um leyfi til að reka veitingastað (veitingahús) í flokki III. að Aðalgötu 6, 540 Blönduósi.

Með vísan til 4. mgr. 1. tl. 10. gr. laga um veitingastaði, gistiheimili og skemmtanahald, þar sem sveitarstjórn er falið að veita umsögn um afgreiðslutíma og staðsetningu staðar sem umsókn lýtur að sé innan þeirra marka sem reglur og skipulag sveitarfélagsins segja til um, veitir byggðaráð jákvæða umsögn.

13. Gjöf til Hafísetursins

Birgir Guðjónsson læknir hefur gefið Hafísetrinu hauskúpur af sauðnauti og bjarndýri. Hauskúpurnar eignaðist Birgir þegar hann dvaldi við læknisstörf í Meistaravík á Grænlandi sumarið 1962. Bjarndýrið hafði verið fellt af Inúítum sem komu á hundasleða frá Scorebysundi. Sauðnautskúpan hafði fundist á víðavangi.

Byggðaráð þakkar gjöfina og felur sveitarstjóra að senda þakkarbréf.

14. Önnur mál

Byggðaráð samþykkir tvær auka losanir á sorpi í dreifbýli sumarið 2014. Framtíðarfyrirkomulag verður unnið við gerð fjárhagsáætlunar 2015.

Ræddar voru hugmyndir um stofnun nefndar sem fer með öldrunarmál. Ákveðið var að afla frekari gagna og vinna nánar í málinu.

Fundi slitið 20:20

Zophonías Ari Lárusson (sign.)
Anna Margret Sigurðardóttir (sign.)
Hörður Ríkharðsson (sign.)

Arnar Þór Sævarsson (sign)